



Minnisblað

Efni: Ósk um strætóveg milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar

Frá: Skipulag/Leiðakerfi, Strætó bs.

Til: Reykjavíkurborg/Kópavogsbær


Dagsetning: 8.9.2025

Inngangur

Strætó óskar eftir því að Reykjavíkurborg og Kópavogur hefji undirbúning að byggingu strætóvegar milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar. Einnig þarf að setja upp hlið og tvær nýjar stoppistöðvar, við Víkina og Fossvogsbrún. Óskað er eftir því að undirbúningur hefjist eins fljótt og auðið er þar sem breytingin mun koma til með að nýtast strax núverandi leiðum (11 og 17). Þegar framkvæmdir hefjast við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar verður strætóvegurinn enn mikilvægari og auðveldar hjáleiðir á framkvæmdatíma. Þá mun strætóvegurinn einnig nýtast akstri neyðarbíla. Ólíklegt er að í framtíðinni verði hægt að vera með stoppistöðvar fyrir leið H á Reykjanesbraut.

Nýtt leiðanet


Þegar Nýtt leiðanet tekur gildi mun strætóvegurinn vera nýttur af almennri leið H sem mun aka milli Seltjarnarness og Breiðholts um Stjörnugróf og Fossvogsbrún, sjá mynd 1. Gert er ráð fyrir að leið H muni aka á 15 mínútna tíðni á annatíma sem þýðir að fjórir vagnar munu aka um strætóveginn í hvora átt á klukkustund þegar mest er. Miðað er við að Nýtt leiðaneti taki gildi þegar fyrstu lotu Borgarlínu er lokið.



Mynd 1 Akstursleið leiðar H í Nýju leiðaneti

Bætt þjónusta

Strætóvegurinn mun bæta þjónustu við hverfin í kring til muna þar sem tvær nýjar stoppistöðvar bætast við, annars vegar við Víkina í Reykjavík og hins vegar við Fossvogsbrún í Kópavogi, sjá mynd 2. Byggðin í kringum Stjörnugróf og við Fossvogsbrún og Smiðjuveg mun vera í göngufjarlægð frá þessum nýju stoppistöðvum og mun þjónusta við Víkingssvæðið bætast til muna. Góð strætótenging verður á milli Víkinnar og Safamýrar sem eru þau tvö svæði sem knattspyrnufélagið Víkingur þjórnar.



Mynd 2 Stoppistöðvar leiðar H við Stjörnugróf og Fossvogsbrún

Í dag er ekki vegtenging milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar og þarna verður því til ný vegtenging sem verður einungis ætluð strætó og neyðarbílum.

Greining Eflu

Árið 2022 vann Efla greiningu fyrir Strætó á mögulegri útfærslu á vegtengingunni (minnisblað (100928-MIN-001-V01). Efla og Strætó voru jafnframt með kynningar fyrir embættisfólk í Reykjavík og Kópavogi ásamt því að kynna í skipulagsráði Kópavogs 17.04.2023 og í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur 1.3.2023.

Á mynd 3 má sjá tillögu sem Efla setti fram í sinni vinnu. Helstu niðurstöður greiningarinnar eru þær að hægt er að koma vegtengingunni fyrir með því að hafa einbreiða akstursleið fyrir strætisvagna á þessum kafla ásamt því að m.a. fækka um eitt bílastæði og mögulega klippa til gróður. Þrátt fyrir að vegtengingin muni þvera fjölfarinn göngu- og hjólastíg þá er niðurstaða Eflu sú að hægt sé að standa að hönnun vegtengingarinnar á þann hátt að uppfyllt séu öryggisviðmið sem koma fram í hönnunarleiðbeiningum um hjólréiðar.

Í greiningunni var lagt upp með að gangandi og hjólandi hafi forgang á Strætó og að sett verði upp hlið til að tryggja að önnur umferð fari ekki um strætóveginn ásamt því að tryggja að strætisvagnarnir stöðvi áður en þeir þvera göngu- og hjólaleiðina. Gert er ráð fyrir að vagnar aki á lágum umferðahraða, um 15 km/klst að hámarki. Nauðsynlegt er að fjarlægja tvö bílastæði við Fossvogsbrún en hægt er að bæta við einu stæði

fremst á bílplaninu í staðinn til að lágmarka fækkun bílastæða. Þá er einnig lagt til að banna bifreiðastöður við götukanta við Fossvogsbrún og Stjörnugróf.



Mynd 3 Yfirlitsmynd úr skýrslu Eflu sem sýnir tillögu að útfærslu vegtengingarinnar ásamt öðrum hönnunarþáttum.

Samantekt

- Strætó óskar eftir vegtengingu milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar
- Útbúa þarf tvær nýjar stoppistöðvar beggja vegna vegar, við Víkina og Fossvogsbrún
- Setja þarf upp hlið báðum megin við stíg
- Lagt upp með að gangandi og hjólandi hafi forgang á Strætó
- Þyrfti að fækka alls um eitt bílastæði
- Lagt til að banna bifreiðastöður við götukanta við Fossvogsbrún og Stjörnugróf
- Vegtengingin fyrir strætisvagna og neyðarbíla
- Betri þjónusta fyrir hverfin í grennd
- Mun betri tenging almenningssamgangna við íþróttasvæði Víkings
- Minni líkur að vagnar lendi í umferðatöfum
- Akstur um Stjörnugróf talin besta lausnin fyrir heildarleiðanet höfuðborgarsvæðisins

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

100928-MIN-001-V01

DAGS.

27.06.2022

SENDANDI

Eyrún Aradóttir
Daði Baldur Ottósson
Soffía Hauksdóttir

VERKHEITI

Vegtenging fyrir strætó milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar

VERKKAUPI

Texti

DREIFING


Ragnheiður Einarsdóttir (Strætó bs.)

MÁLEFNI

Innviðabreyting við Fossvogsbrún og Stjörnugróf vegna nýs leiðarnets Strætó

Inngangur

Strætó bs. fól EFLU að skoða mögulega útfærslu á nýrri vegtengingu milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar sem aðeins yrði opin fyrir strætisvagna og neyðarbíla. Nýtt leiðarnet Strætó gerir ráð fyrir að leið K fari þar um í stað þess að fara eftir Reykjanesbraut. Helsti ávinningurinn með þessari breytingu er að akstursleiðin milli bústaðarhverfis og Mjóddar styttest, sem og aðgengi íbúa að strætó verður betra bæði í Kópavogi og Reykjavík.



MYND 1 Strætóleiðir á svæðinu sem um ræðir í tillögu að nýju leiðaneti Strætó bs. Tillagan gerir ráð fyrir að leið K aki um Fossvogsbrún og Stjörnugróf en leiðin tengir m.a. saman Breiðholt og Bústaðarhverfi.


Núverandi aðstæður

Um er að ræða tvær götur, Stjörnugróf í Reykjavík og Fossvogsbrún í Kópavogi, sem enda í botnlanga. Meðfram sveitarfélagsmörkum, liggur göngu- og hjólastígur sem myndi þvera væntanlega veltengingu. Við Fossvogsbrún hefur nýlega verið byggt sambýli og tilheyrandi bílastæðalóð innst í botnlanganum. Um er að ræða bílastæðalóð með níu bílastæðum auk eins stæðis fyrir hreyfihamlaða.



MYND 2 Loftmynd af svæðinu. Sjá má grunnteikningu af sambýlinu sem nú er risið auk teikningar af legu göngu- og hjólastígsins vestan megin eftir byggingu sambýlisins.

Eins og staðan er í dag getur botnlanginn innst í Stjörnugróf verið nýttur sem bílastæði fyrir íbúa hverfisins en þegar loftmynd er skoðuð af svæðinu ásamt lóðamörkum, þá má áætla að það séu hægt að leggja a.m.k. tveim til þremur bílum innan sérhverrar lóðar við Stjörnugróf. Í Fossvogsbrún virðist bílum einnig vera lagt austanmegin í götu í en á þessu svæði virðast líka a.m.k. tvö bílastæði innan hverrar lóðar.



MYND 4 Sjónvegalemdir sem æskilegt er að tryggja við þverun strætisvagna yfir göngu- og hjólastíginn.

Eins og sjá má á mynd 4 eru sjónvegalemdir þegar ekið er frá Fossvogsbrún yfir bílastæðalóðina aðeins yfir bílastæðinu austast í innst í botnlanganum (sjá hægra megin á mynd 4). Því er lagt til að fjarlægja það stæði, en einnig er lagt til að fjarlægja stæðið gegnt því til að auka sjónvegalemdir. Hægt væri að koma fyrir einu stæði fremst á bílplaninu vestan megin til að heildarfjöldi stæða fækki aðeins um eitt talsins þ.e. ef þörf er á að viðhalda sama fjölda stæða. Gróður ætti ekki heldur að vera hærri en 120 cm beggja megin við tenginguna svo hann byrgi ekki fyrir sýn ökumanns og þarf því að snyrta gróðurinn sem fellur innan þess svæðis sem er sýnt á mynd 4.

Þá er einnig lagt til að hlið verði staðsett beggja vegna við göngu- og hjólastíginn. Hliðið kæmi í veg fyrir að önnur umferð en strætisvagnar og neyðarbílar myndu nýta sér tenginguna og myndi einnig tryggja að vagnar stöðvuðu alveg áður en keyrt væri yfir göngu- og hjólastíginn og þannig auka öryggi fyrir virka vegfarendur á svæðinu.



MYND 5 Tillaga að hönnun vegtengingar. Sjá má götukanta og miðlína fyrir akstursleiðina. Rauða línan sýnir hvar strætisvagn myndi stoppa til að hleypa vagni út gagnstæðri átt framhjá.


Á mynd 5 má sjá tillögu útfærslu fyrir vegtengingunnar á svæðinu. Hönnunin gerir ráð fyrir að strætisvagn sem kemur frá Fossvogbrún eigi réttinn og rauða línan sýnir hvar hentugt væri fyrir strætisvagn úr gagnstæðri átt gæti stöðvað.

Akstur til og frá vegtengingu

Notast var við akstursferlagreiningu til að ákvarða það rými sem strætisvagnar þurfa til að mætast við þrenginguna. Einnig voru teiknaðir aksturferlar til að ákvarða aðrar breytingar á svæðinu sem nauðsynlegt þyrfti að ráðast í til að tryggja nægjanlegt pláss fyrir vagnana. Gert er ráð fyrir að strætisvagnarnir aki þarna um á lágum umferðarhraða þ.e. 15 km/klst að hámarki. Miðað er við að þrenging byrji við Stjörnugróf til að koma í veg fyrir að bifreiðum sé lagt við botnlangan eins og nú er gert.



Mynd 6 Myndin sýnir 12 m strætisvagna aka úr sitthvorri áttinni. Hér sést hvar vagn sem kemur eftir Stjörnugróf þarf að stoppa (við rauðu línuna) til að hleypa vagni úr Fossvogsbrún í gegn.



MYND 7 Akstursferill 12 m strætisvagns inn (til vinstri) og út (til hægri) um Fossvogsbrún.




Á mynd 7 hér að framan má sjá akstur strætisvagna sem aka um Fossvogsbrún frá hringtorgi. Eins og sjá má á myndinni þarf vagn talsvert pláss á götu til að ná beygjunni og þá þarf að nýta alla götubreiddina þegar tveir vagnar mætast á veginum. Því er mikilvægt að banna bifreiðastöður við götukanta í Fossvogsbrún þ.e. með gulri málningu eða með skiltamerkingum, en á loftmyndum og vettvangsferð að dæma þá er ökutækjum í dag stundum lagt við götuna. Eins og áður hefur komið fram, þá gerir hönnunin ráð fyrir að strætisvagn sem kemur frá Fossvogsbrún eigi réttinn um veltenginguna á umferð vagna úr gagnstæðri átt (frá Stjörnugróf) en ef til þess kemur að vagn úr Stjörnugróf hafi þegar ekið í gegnum veltenginguna, þá er æskilegt að vagninn bíði rétt fyrir framan beygjuna inn að bílastæðalóðinni, sjá rauðu línuna á mynd 8.

MYND 8 Strætisvagnar að mætast á Fossvogsbrún – 5km/klst

Samantekt

Lausnin gengur út frá því að gangandi/hjólandi vegfarendur hafi forgang á Strætó ásamt þess að sett verði upp hlið við gatnamótin til að koma í veg fyrir óviðkomandi umferð og tryggja að strætisvagnar hægi á sér eða stöðvi áður en göngu- og hjólaleiðin er þveruð. Botnlanginn í Stjörnugróf mun ekki lengur nýtast fyrir bílastæði íbúa og þá er einnig nauðsynlegt að fjarlægja tvö stæði á bílastæðalóðinni við Fossvogsbrún til að tryggja sýn ökumanns og auka öryggi við þverunina. Við nánari hönnun veltengingunnar þarf að huga sérstaklega að gróðri við veginn. Gert er ráð fyrir að strætisvagn sem ekur frá Fossvogsbrún hafi forgang á vagn sem kemur úr gangstæðri átt. Fyllstu aðgátar þarf að gæta þegar ekið er í gegn um veltenginguna en öðru leyti þá uppfyllir hönnunin öryggisviðmið sem koma fram í hönnunarleiðbeiningum um fyrir hjólreiðar.



MYND 8 Yfirlitsmynd sem sýnir tillögu að útfærslu vegtengingunnar ásamt öðrum hönnunarpáttum.




01.03.2023

Vegtenging fyrir strætó milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar

Tillaga að útfærslu nýrrar vegtengingar

Daði Baldur Ottósson, Efla

Ragnheiður Einarsdóttir, Strætó




Verkefnið

Ný vegtenging fyrir strætó

- Skoða mögulega útfærslu á nýrri vegtengingu milli Stjörnugrófar og Fossvogsbrúnar
- Fyrir strætisvagna og neyðarbíla
 - Áætluð tíðni strætisvagna um 15 mín á anna tíma
- Nýtt leiðanet Strætó gerir ráð fyrir þessari leið í stað þess akstur verði eftir Reykjanesbraut.


Nýtt leiðanet – Núverandi tillaga




Leið H í Nýju leiðaneti



Hólar –
Sel –
Mjódd –
Fossvogsbrún –
Víkin –
Bústaðarvegur –
Háaleitisbraut –
BSÍ –
Miðbær –
Grandi –
Seltjarnarnes –



Leið H í Nýju leiðaneti





Ávinningur

- Betri þjónusta strætó við hverfin í grennd, bæði Kópavogs- og Reykjavíkurmegin. Leið H ekur t.d. í miðborg Reykjavíkur
- Ólíklegt er að í framtíðinni sé hægt að vera með stoppistöðvar fyrir leið H á Reykjanesbraut og því mun þjónusta við þessi hverfi vera mun verri ef ekki verður mögulegt að aka Stjörnugróf
- Minni líkur á að vagnarnir lendi í umferðartöfum þar sem þeir færu ekki um eins umferðarþungar götur
- Akstur um Stjörnugróf er talin besta lausnin fyrir heildarleiðanet höfuðborgarsvæðisins og ef tengingin verður að veruleika mun það tryggja nálægum hverfum góða þjónustu almenningssamgangna

Núverandi aðstæður

- Göturnar enda í botnlanga
- Meðfram sveitarfélagsmörkum liggur göngu- og hjólastígur
- Nýlegt sambýli í Fossvogsbrún
 - Níu bílastæði auk eins stæðis fyrir hreyfihamlaða.
- Í Stjörnugróf má áætla að hvert hús hafi 2-3 bílastæði innan lóðar
 - Botnlanginn í Stjörnugróf getur verið nýttur sem bílastæði
- Í Fossvogsbrún virðast vera a.m.k. tvo stæði innan hverrar lóðar
 - Bílum einnig lagt austan megin í götu






Ný vegtenging

Hönnunarforsendur


- Skoða hvernig best er að leysa vegtengingu m.t.t. göngu- og hjólaleiðar
- Lagt til að gangandi/hjólandi hafi forgang á strætó
- Sjónlengdarviðmið mætt fyrir hönnunarhraða stígs 20 km/klst
- Sjónlengdir við gatnamót þar sem akandi umferð þverar hjóla/göngustíg tekur mið að stöðvunarsjónlengd og hönnunarhraða á stíg.
- Bílaplan ekki fyrirstaða



Ný vegtenging

Hönnunarforsendur

- Innan svæðisins sem markast af línunum ætti ekkert að hindra útsýni ökumanns eða hjólreiða/göngufólks.
- Lagt til að fjarlægja tvö stæði næst stígnum
- Gróður ætti ekki heldur að vera hærri en 120 cm beggja megin við tenginguna
 - Mikilvægt að snyrta gróður



Ný vegtenging

Tillaga að hönnun

- Prenging – aðeins einn vagn kemst um tenginguna í einu
- Lagt til að strætisvagn sem kemur frá Fossvogsbrún eigi réttinn um vegtenginguna á umferð vagna úr gagnstæðri átt (frá Stjörnugróf)
- Lagt til að stýra umferð um hlið
 - Strætó og neyðarbílar
 - Strætisvagnar stoppi
- Hægt að viðhalda stæðum í Fossvogsbrún en ekki í Stjörnugróf





Ný vegtenging

Samantekt

- Gangandi og hjólandi í forgangi
- Hlið sett upp til að koma í veg fyrir óviðkomandi umferð og að vagnar stoppi fyrir þverun
- Tryggja sýn ökumanns
 - Fjarlægja tvö stæði á bílaplani
 - Huga sérstaklega að gróðri við nánari hönnun
- Botnlagni í Stjörnugróf nýtist ekki lengur sem bílastæði
- Mat EFLU að tillagan uppfylli öryggisviðmið sem koma fram í hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar